



Starfsmannastefna Sýnar

Hjá Sýn leggjum við áherslu á að starfsfólk upplifi Vellíðan í vinnu. Það gerum við með því að búa starfsfólki framúrskarandi vinnuaðstöðu, huga að líkamlegri og andlegri heilsu þess og gefa því möguleika á sveigjanleika í vinnu. Við viljum að fólk líði vel í vinnunni, upplifi sig sem hluta af sterkri liðsheild, fái útrás fyrir sköpunarþörf sína og tækifæri til að takast á við verkefni þar sem styrkleikar þeirra fá helst notið sín. Sýn vill þannig stuðla að jákvæðri sjálfsmynd og góðu sjálfstrausti starfsfólks og að starfsfólk sýni frumkvæði í starfi. Við trúum því að fyrirtækinu gangi best þegar starfsfólkið er upp á sitt BESTA.

Ráðningar

Sýn vill ráða, efla og halda hæfu starfsfólki. Fólk er ráðið á faglegum forsendum og samkvæmt vel skilgreindum starfsgreiningum. Leit að nýjum liðsmönnum hefst að öllu jöfnu innanhúss en leitað er út fyrir fyrirtækið þegar þess þarf, til að styrkja öflugna liðsheild.

UNI

UNI er regnhlífarhugtak sem nær yfir allt fræðslustarf innan Sýnar. Með UNI viljum við tryggja góða og samræmda grunnþjálfun starfsmanna um leið og við veitum starfsfólki sérhæfða þjálfun og fræðslu sem hentar starfi hvers og eins. Því til viðbótar býður UNI reglulega upp á gagnleg námskeið og fyrirlestra sem eflir starfsfólk bæði í leik og starfi.

Starfsþróun

Sýn vill skapa tækifæri fyrir starfsfólk til að þróast í starfi og takast á við krefjandi verkefni sem efla það og styrkja. Starfsþróun getur bæði falist í breytingum á starfi sem starfsmaður gegnir og í tilfærslu í annað starf. Við erum stolt af því hve stórt hlutfall ráðninga hvers árs eru ráðningar innanhúss

Samskipti

Við sýnum hvert öðru gagnkvæma virðingu, jákvæðni og þolinmæði bæði í orði og verki. Við hjálpumst að og göngumst við ábyrgð á öllum okkar verkum, segjum hug okkar og tökum vel við uppbyggilegum ábendingum.





Framúrskarandi vinnuumhverfi

Við höfum búið starfsfólki okkar framúrskarandi vinnuumhverfi sem er sérsniðið að þörfum okkar starfsemi. Við hönnun vinnustaðarins voru heilsa og þægindi starfsmanna höfð að leiðarljósi. BESTA vinnuumhverfið er skapandi, skemmtilegt og sveigjanlegt vinnuumhverfi þar sem hver starfsmaður á að geta unnið við þær aðstæður sem henta best hverju sinni. Við trúum því að BESTA vinnuumhverfið auki samkeppnishæfni okkar um hæft starfsfólk.

Jafnrétti

Sýn metur alla starfsmenn að verðleikum og leggur sig fram við að allir njóti jafnra tækifæra á vinnustaðnum. Hjá Sýn er starfandi jafnréttisnefnd sem tryggir að starfsfólki sé ekki mismunað á grundvelli kyns, kynþáttar, þjóðernis, kynhneigðar, aldurs, trúar, skoðana eða annarra þátta. Mikil áhersla er lögð á að auka hlut kynjanna í þeim störf þar sem kynjaskekkja er ráðandi.

Heilbrigði starfsfólks

Við hvetjum fólk til að hreyfa sig, gæta að streitumerkjum og taka alvarlega allar vísbendingar um hnignun líkamlegrar og andlegrar heilsu. Heilbrigt líferni starfsmanna, þekking stjórnenda á heilsufarsmálum og öryggi á vinnustað: Eykur vellíðan og starfsánægju starfsmanna.

